



# Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

## Úrdráttur úr fundargerðum

Útgáfa Ágúst 2004

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

### Fundur 10. ágúst

Komi til þess að jarðareigandi sinni ekki smölun hefur sveitarstjórn ákveðið að smölunarkostnaður heimalands hveirrar jarðar skuli metin að andvirði dagsverks í hverri göngu eins og það er ákveðið af sveitarsjórn á hverjum tíma. Sveitarsamþykkt þessi byggir á ákvæðum 1 mgr. 39 gr. laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986 sbr ákvæði 2 mgr. 14 gr. fjallskilasamþykktar Norður-Mulasýslu nr. 473/1991 og tekur þegar gildi. Samþykktin verður kynnt sérstaklega öllum jarðareigendum í Skeggjastaðahreppi og þá er málið varðar. Jafnframt verður samþykktin birt opinberlega eins og venja er í Skeggjastaðahreppi.

Tveir aðilar sögðu sig úr skólanefnd og verður skólanefnd skipuð aftur sem hér segir:

Aðalmenn:

Varamenn:

Hrefna S. Högnadóttir

Margrét Á. Hrafnadóttir

Óskar Haukur Óskarsson

Brynhildur Óladóttir

Sigríður Ósk Indriðadóttir

Ólafur B. Sveinsson

Aldursforseta nefndarinnar verður sent bréf og hann boðar nefndina á fyrsta fund.

Skólanefndinni verður sent bréf þar sem málefni dagvistunar er vísað til skólanefndar og óskað eftir tillögum að fyrirkomulagi.

Umsögn KPMG um kostnaðaráætlun framkvæmdanna, samkvæmt 65. gr. sveitarstjórnalaga, var lögð fram til kynningar.

Rætt var um gang vatnsveituf framkvæmda. Gert er ráð fyrir því að útboðsgögn fyrir nýjan vatnstank verði tilbúin í næstu viku.

Ákveðið var að ráða Víði Má Hermannsson í starf verkstjóra hjá hreppnum.

Bréf barst frá Vegagerðinni þar sem beiðni um að snjómosktur og vegaeftirlit verði framkvæmt af vertaka frá Bakkafirði var synjað.

Bréf barst frá Félagsmálaráðuneytinu vegna aðkomu jöfnunarsjóðs að vatnsveituf framkvæmdum og mun Sveitafélagið fá styrk vegna stofnkostnaðar allt að 16 milljónir kr.

Bréf barst frá Brunabótafélagi Íslands þar sem tilkynnt er um ágóðagreiðslu að upphæð 480.000 kr.

Bréf barst frá Sambandi íslenskra sveitafélaga þar sem tilkynnt er um breyttar viðmiðunarreglur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimils sveitarfélags.